

Ár borgaravitundar og lýðræðis í skólastarfi 2005

Evrópuráðið hefur ákveðið að árið 2005 verði *Ár borgaravitundar og lýðræðis í skólastarfi*. Borgaravitund og lýðræði hefur verið eitt af áhersluverkefnum Evrópuráðsins á sviði menntunar á undanförunum árum og hefur kennsla í lífsleikni og borgaravitund verið almennt markmið í stefnumótun aðildarlanda á þessu sviði. Meginmarkmiðið er að vekja fólk til umhugsunar um hvernig unnt sé að stuðla að borgaravitund, lýðræði og lýðræðislegri þátttöku í skóla- og félagsstarfi með börnum og ungmennum.

Formleg þátttaka menntamálaráðuneytis hófst með heimsókn ráðherra í [Vogaskóla](#), mánudaginn 7. mars sl. Þar sem verkefninu var hleypt af stokkunum. Vogaskóli er sérstakur mórðurskóli í kennslu í nemendalýðræði, lífsleikni og mannréttindakennslu og öðrum



Menntamálaráðherra ræðir við fulltrúa nemendaráðs og kennara Vogaskóla

grunnskólum til fyrirmyndar sem frumkvöðull á þessu sviði. Við athöfnina greindi ráðherra

stuttlega frá markmiðum verkefnisins og mikilvægi þess og ræddi við fulltrúa nemendaráða skólans, sem voru aldrinum 11 – 16 ára .

Skemmtilegar samræður sköpuðust á milli nemenda og menntamálaráðherra um borgaravitund, lýðræði og mikilvægi virkrar þátttöku nemenda í öllu skólastarfi.

Skipuð hefur verið landsnefnd um framkvæmd verkefnisins. Í henni eiga sæti hagsmunaaðilar æskulýðs- og skólastarfs. Hlutverk nefndarinnar er að koma með tillögur og sjá um framkvæmd verkefnisins.

Formaður nefndarinnar er Sesselja Snævarr, deildarsérfræðingur í [menntamálaráðuneyti](#).



Margrét Hallgrímsdóttir, Þjóðminjavörður tekur á móti horninu frá menntamálaráðherra Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur

Þjóðminjasafnið fær íslenskt drykkjarhorn til varðveislu

Á síðastliðnu ári samþykkti ríkisstjórnin tillögu Þorgerðar Katrínu Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra um kaup á íslensku drykkjarhorni frá 15. öld til varðveislu á Þjóðminjasafni Íslands. Horn þetta hafði verið í einkaeigu í Noregi og er nú komið til landsins. Margrét Hallgrímsdóttir, Þjóðminjavörður tók á móti horninu frá menntamálaráðherra við hátíðlega athöfn í [Þjóðminjasafninu](#) 1. mars.

Þetta drykkjarhorn gengur undir nafninu Mariuhornið og er með þeim elstu sem varðveist hafa. Hornið hefur mikið listrænt og sögulegt gildi og er skorið stílfærðu jurtaskrauti sem skipt er niður í belti og á því er útskorin áletrun, AVE MARIA. Hornið er nú til sýnis meðal annarra miðaldahorna á grunnsýningu Þjóðminjasafnsins. Ráðherra fagnaði komu drykkjarhornsins í ræðu sinni og sagðist vona að fleiri horn myndu bætast í hópinn á næstu árum. [Ólgerð Egils Skallagrímssonar](#) varð við beiðni Þjóðminjasafnsins og lagði fram það fjármagn sem þurfti til að koma drykkjarhorninu heim til Íslands.

Ráðherra þakkaði Ólgerðinni fyrir að hafa komið til móts við Þjóðminjasafnið og sagði það vera „...ánægjuelfni í hversu ríkum mæli íslensk fyrirtæki eru farin að styðja við bakið á menningu landsins og menningarstofnunum.“

UT2005 – skóli á ferð til framtíðar

Ráðstefnan UT2005 - skóli á ferð til framtíðar var haldin föstudaginn 4. mars á Hótel Sögu Alls tóku 550 manns þátt í ráðstefnunni.

Fyrirlestrar og umræður í málstofum höfðu til kennara allra skólastiga en áhersla var lögð á skólastjórnendur.

Menntamálaráðherra setti ráðstefnuna, kynnti nýja stefnu um upplýsingatækni í menntun, menningu og vísindum 2005 – 2008, *Áræði með ábyrgð*, talaði um öra þróun dreifmenntunar og áherslu á gerð stafræns námsefnis vegna vaxandi notkunar þess.

Í málstofum um nýja námskrá og dreifnám urðu miklar og hagnýtar umræður um áframhald þróunarstarfs. Í fyrirlestrum var leitast við að beina augum þátttakenda að nýjungum og hvernig halda megi áfram að hagnýta upplýsingatækni í skólastarfi.

Á vef ráðstefnunnar <http://menntagatt.is/ut2005> eru kynningar og glæsur frá innlendum og erlendum fyrirlesurum.



Menntamálaráðherra ásamt verðlaunahöfum Norðurlandaráðs þeim Hauki Tómassyni og Sjón

Verðlaun Norðurlandaráðs

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, hélt boð í Ráðherrabústaðnum til heiðurs þeim Hauki Tómassyni og Sjón sem báðir hlutu nýlega verðlaun

Norðurlandaráðs.

Haukur Tómasson hlaut tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir óperuna Fjórði söngur Guðrúnar en Sjón hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir bókina Skugga-Baldur.

Verðlaun Norðurlandaráðs vekja mikla athygli á Norðurlöndunum. Þegar er búið að selja útgáfuréttinn á Skugga-Baldri til allra Norðurlandanna og einnig víða um Evrópu og óperan Fjórði söngur Guðrúnar verður flutt á tónleikum í Svíþjóð í sumar.



Á myndinni má sjá starfsfólk niðursokkið í að þreyta enskuprofið

Enskukennsla starfsfólks

Á síðastliðnu ári var starfsfólki menntamálaráðuneytis gefinn kostur á kennslu í norrænum málum í tilefni þess að Ísland fór með formennsku í norrænu samstarfi. Framtíkið vakti almenna ánægju meðal starfsfólks. Það var ákveðið að bjóða upp á enskukennslu í ár og fer kennslan fram í ráðuneytinu. Jafnframt var öllum boðið að taka stöðupróf í ensku óháð því hvort menn hyggðust notfæra sér kennsluna. Tæplega 80% starfsmanna nýtti sér þetta tækifæri.

